

KIRKJUGARÐARÁÐ

39. fundur haldinn 13. mars 2006 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins, sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

Gestir fundarins: Jóhanna Lind Elíasdóttir landbúnaðarráðuneyti, Jóhannes Ingibjartsson Kirkjuráði og Höskuldur Sveinsson Prestssetrasjóði.

1. Fundur settur kl. 14:00

Fundargerð 38. fundar var lögð fyrir fundinn eftir lið 2 og samþykkt eftir smávegis lagfæringar.

2. Vinnuferli við stofnun lóða fyrir kirkjur og kirkjugarða

Jóhanna Lind, Jóhannes og Höskuldur tóku þátt í þessum lið. Sigurgeir kynnti dagskrárliðinn.

Kirkjuráð hafði óskað eftir samstarfi við Kirkjugarðaráð, landbúnaðarráðuneyti og fleiri hagsmunaaðila um að móta reglur varðandi lóðamörk kirkna og kirkjugarða. Nauðsynlegt er að slíkt sé gert og lóðum þinglýst þannig að ekki sé hætt á að kirkjur eða kirkjugarðar séu seld með jörðum.

Sigurgeir vann verkið af hálfu ráðsins. Hann gerði tilraun með tvo staði varðandi hvernig skiptingin gæti gengið fyrir sig. Annars vegar Mosfell í Grímsnesi og hins vegar Gufudal. Vinnuferlið við stofnun lóða fyrir kirkjur og kirkjugarða er sem hér segir:

- Afla þarf gagna um staðinn, eignarhald og hvort eitthvað hefur verið gert varðandi viðkomandi eign.
- Hafa samband við landeiganda / umráðamann til að hann fylgist með frá byrjun og afmarka lóðirnar í samráði við hann.
- Athuga þarf hvort einhverjar hugmyndir eru uppi um stækkun, þjónustuhús, bílaplan eða aðkomu og hvort þarf að gera ráð fyrir viðbótarlandi þess vegna.
- Fara á staðinn og hnitsetja mannvirki sem eru á staðnum og reyna að meta hvort um meiri landþörf er að ræða fyrir garð og kirkju, hvort sem komnar eru fram einhverjar hugmyndir eða ekki.
- Vinna úr gögnunum og gera uppdrátt af staðnum sem síðan fer til kynningar.

- Þegar uppdrátturinn hefur verið samþykktur er gengið frá lóðarblaði sem sent er til sveitarfélagsins til samþykktar í hlutaðeigandi nefndum og að því loknu sett í þinglýsingu.

Sigurgeir tók sem dæmi mælingar og útreikninga fyrir Mosfell í Grímsnesi. Gert er að jafnaði ráð fyrir 2 metra lóð kringum kirkju og 50% viðbótarlóð fyrir bílastæði og þjónustuhús. Í Gufudal er kirkjan inni á miðri jörðinni og er því nauðsynlegt að tryggja þar umferðarrétt um hana og þinglýsa honum.

Jóhanna Lind nefndi að einfaldast væri að leysa jörð úr landbúnaðarnotum sbr. 6. gr. jarðalaga. Einfaldast er að skipta heildarlóð út og gera eignaskiptasamning milli kirkju og landeiganda. Kirkja og kirkjugarðasjóður geri síðan lóðaskiptasamning á milli sín. Nauðsynlegt er að hafa byggingarfulltrúa með í vinnunni.

Sigurgeir hefur átt fund með Þjóðminjasafni vegna húsa/kirkna á kirkjuförðum sem tilheyrir Þjóðminjasafninu.

Kristín vakti athygli á að nauðsynlegt væri að tryggja að sama fornleif lenti ekki bæði inn á jörð „bóna” og kirkju og óskar eftir fundi með Sigurgeiri til að koma á vinnuferli þar sem tekið yrði tillit til fornleifa.

Þórsteinn bar fram tillögu um að gerð kostnaðaráætlun þar sem fram komi kostnaðarskipting milli aðila vegna verkefnisins.

3. Uppgjör vegna útdeilingar á fjármagni til kirkjugarða v/2005

Unnur Guðlaugsdóttir aðalbókari Biskupsstofu tók þátt í umræðum undir þessum lið. Guðmundur Rafn kynnti liðinn og nefndi að nú væri verið að loka árinu 2005 og hafa Unnur, Smári og Þórsteinn tekið þátt í því ferli.

Þórsteinn nefndi að opinberar tölur um fjölda látinna yrðu ekki ljósar fyrr en í lok mars. Mikið hefði vantað upp á að Garður.is fengi upplýsingar um greftranir ársins 2005. Talan 1.850 var notuð sem viðmiðunartala yfir þá sem létust 2005. Í ársbyrjun 2005 var unnt að sjá hvar 150 þeirra höfðu verið grafnir. Í dag er staðan sú að ekki fæst séð hvar greftrunarstaður 30 einstaklinga er. Útistandandi fjármagn sem viðkomandi garðar eiga rétt á hefur því verið fært inn á reikning sem varðveittur er hjá Unni. Garðar sem ekki hafa gert upp og veitt upplýsingar um greftranir fá 60 þús. að svo komnu máli, en reikningurinn verður síðan gerður upp þegar fjöldi greftrana er ljós.

Rætt var um vandamálið samfara því hve seint fólk skilar inn upplýsingum um greftranir. Var rætt um að veita görðunum þriggja mánaða frest til þess.

Ragnhildur nefndi að nauðsynlegt væri að kynna görðunum bréflaga að þeir fái ekki endanlega greiðslu fyrr en ljóst er hve margir hafi verið jarðaðir. Miðað er við að sú greiðsla komi 1. maí. Tilkynnt verður jafnframt um þetta á netinu.

Rætt var um að fá heimild hjá ráðuneytinu til að skerða greiðslur um 10% vegna umsýslukostnaðar. Unnur vakti athygli á að ekki hefur verið komist að samkomulagi um þóknun til Biskupsstofu vegna vinnu hennar.

Ragnhildur þurfti að yfirgefa fund kl. 16:00.

4. KGRP- Nýtt þjónustuhús í Gufuneskirkjugarði ofl.

Þórsteinn kynnti. Skóflustunga var tekin laugardaginn 4. mars. Guðmundur Rafn leggur til að Kirkjugarðaráð fari í heimsókn og kynni sér starfsemi KGRP og skoði nýja duftgarðinn í Sóllandi. Ákveðið var að júnífundurinn verði hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma.

5. Kirkjugarðar Lágafellssóknar, afgreiðsla styrkumsóknar

Guðmundur Rafn hefur verið í sambandi við Jóhann Björnsson. Garðurinn lánaði kirkjunni fé vegna safnaðarheimilis. Hann fékk greitt til baka og á garðurinn því 29 millj. á bók. Stefnt er að því að nota 29 millj. kr. til kaupa starfsaðstöðu í nýju safnaðarheimili sem á að byggja í Mosfellsbæ. Styrkur vegna framkvæmda við kirkjugarð var samþykktur. Kirkjugörðum Lágafellssóknar er veittur styrkur upp á 500 þús. árið 2006 og vilyrði um 2,0 millj. kr. 2007 og 2,0 millj. kr. 2008 vegna framkvæmda við nýjan kirkjugarð. Litið er svo á að þeir fjármunir sem kirkjugarðurinn á í sjóði nú renni til byggingar aðstöðuhúss og nægi til þess enda er samkvæmt viðmiðunarreglum Kirkjugarða- og Kirkjuráðs gert ráð fyrir allt að 130 m² húsi þarna.

6. Svör vegna aðalskipulags Hafnarfjarðar, Breiðdalshrepps og Dalvíkurbyggðar
Lögð voru fram svarbréf framkvæmdastjóra ráðsins.

7. Önnur mál

Þórsteinn vakti athygli á að nefndin sem vann að lagabreytingu á kirkjugarðalögum fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur skilað vinnu og fengið greidda þóknun fyrir. Að lokinni þeirri vinnu fékk nefndin það verkefni að fjalla um breytingatillögur á þremur fundum. Spurningin er hver á að greiða fyrir þá fundarsetu. Framkvæmdastjóra ráðsins var falið að ræða lausn málsins við formann. Fjallað verður nánar um málið á næsta fundi.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 16:55.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari